

# Jesús bauð okkur að elska náungann

Dag einn spurði maður Jesú Krist að því hvert mikilvægasta boðorðið væri. Jesús sagði hið fyrsta mikla boðorð vera að elska Guð. Hann sagði hið næst æðsta vera að „elska náunga þinn eins og sjálfan þig“ (Markús 12:31). Í því felst að okkur ber að elska aðra og breyta við þá eins og við viljum að breytt sé við okkur.

**Þið getið lesið þessa frásögn í Markúsi 12:28–31.**

## ÉG GET ELSKAÐ NÁUNGA MINN

- Íhugið hvað þið getið gert til að hjálpa náunga ykkar.
- Segið bæn og gerið áætlun um að hjálpa þeim.



- Fylgið áætlun ykkar!

Klippið þetta spjald út til áminningar um að hjálpa áfram eins og Jesús gerði.



Þessi Barnafélagshópur í **Mississippi, Bandaríkjunum,** hjálpaði við að hreinsa heimili nágranna eftir fellibyl.

**Hvernig reynið þið að hjálpa öðrum eins og Jesús gerði? Skrifið og segið okkur frá því.**